

Eptir atvikum verður eigi dregið neitt út úr því, að optnefnd Ragnheiður var sögð til sveitar **117** á 10. dvalarári sínu í Helgafellssveit og það liggur eigi fyrir neitt, sem bendir til þess, að 24. nóv. prettir hafi búið undir. Að þurfamaður sjálfur biðji um styrk er alls eigi skilyrði fyrir lög-mæti sveitarstyrks, og á manni þeim, sem hún dvaldi hjá og sem sagði hana til sveitar, hvíldi engin skylda til þess að framfæra hana.

Amtið álitur því, að hinn umræddi styrkur sje lögmætur, og úrskurðar hjermeð, að Borgarhreppur skuli endurgjalda Helgafellssveit áðurnefndar 66 kr.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Borgarhreppi, skal jeg mælast til að þjer vilduð annast um að hún greiði upphæðina sem fyrst.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um end- 118
urveiting hlunninda handa sparisjóði Svarfdælinga. 24. nóv.

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá forstöðunefnd sparisjóðs Svarfdælinga, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. janúar næstkomandi að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um hlunn- 119
indi handa sparisjóði Keldhverfinga. 24. nóv.

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá stjórnarnefnd sparisjóðs Keldhverfinga, vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. jan. næstkomandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að stjórnarnefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir stjórnarnefnd sparisjóðsins.